

## 6. gr.

Sorphreinsun almenns heimilissorps fer fram eigi sjaldnar en á 14 daga fresti. Stjórn Sorpsamlags Mið-Austurlands, í umboði sveitarstjórnar, ákveður í samráði við heilbrigðisnefnd og verktaka hversu oft sorphreinsun fer fram.

**II. Gjaldtaka vegna meðhöndlunar úrgangs.**

## 7. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að innheimta sorphirðu- og sorpförgunargjöld á vegum sveitarfélagsins samkvæmt gjaldskrá sem sett er samkvæmt 5. mgr. 25. gr. laga um hollustuvernd og mengunarvarnir nr. 7/1998, með síðari breytingum, að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar. Gjöld mega aldrei vera hærrí en sem nemur rökstuddum kostnaði við veitta þjónustu eða framkvæmd eftirlits með einstökum þáttum. Gjöld skulu lögð á hverja fasteign, stofnun eða fyrirtæki sem nýtur framangreindrar þjónustu. Sveitarfélagið skal láta birta gjaldskrána í B-deild Stjórnartíðinda.

**III. Ýmis ákvæði.**

## 8. gr.

Hafi húsráðandi fram að færa kvörtun vegna sorphirðu skal hann koma slíkri kvörtun á framfæri til framkvæmdaaðila verksins. Telji viðkomandi sig ekki fá fullnægjandi úrlausn hjá sveitarfélaginu getur hann skotið málinu til heilbrigðisnefndar.

## 9. gr.

Óheimilt er að skilja eftir eða geyma rusl, garðaúrgang og sorp á víðavangi, götum, gangstígum eða fjörum í sveitarfélaginu. Sama á við um númerslausa bíla, vélar og önnur tæki.

## 10. gr.

Með brot á samþykkt þessari skal farið samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, með síðari breytingum.

## 11. gr.

Samþykkt þessi er samþykkt af sveitarstjórn Búðahrepps þann 4. maí 2000. Hún er sett samkvæmt ákvæðum 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, með síðari breytingum, og staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi. Um leið falla úr gildi eldri samþykktir um sorphirðu í Búðahreppi frá 20. júní 1986.

*Umhverfisráðuneytinu, 8. júní 2000.*

F. h. r.

**Ingimar Sigurðsson.**

*Ólafur Pétursson.*

**AUGLÝSING**

**frá ríkisskattstjóra nr. 11/2000 um breytingar á auglýsingu ríkisskattstjóra nr. 2/2000, um skattmat í staðgreiðslu á árinu 2000.**

Eftirfarandi breytingar verða á auglýsingu ríkisskattstjóra nr. 2/2000 um skattmat í staðgreiðslu á árinu 2000, með síðari breytingu.

Á kafla 4.2. „Dagpeningar erlendis“ verða þessar breytingar:

Í stað fjárhæðanna SDR 126 og SDR 74 komi fjárhæðirnar SDR 132 og SDR 78.

Í stað fjárhæðanna SDR 81 og SDR 47 komi fjárhæðirnar SDR 85 og SDR 50.

Á kafla 4.3. „Dagpeningar innanlands“ verða þessar breytingar:

Í stað fjárhæðanna kr. 8.500, kr. 4.500, kr. 4.000 og kr. 2.000 komi fjárhæðirnar kr. 10.600, kr. 6.400, kr. 4.200 og kr. 2.100.

Auglýsing þessi er sett samkvæmt ákvæðum 5. gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, og 116. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt. Gildir hún við staðgreiðslu frá og með 1. júní 2000.

*Reykjavík, 1. júní 2000.*

**Indriði H. Porláksson** ríkisskattstjóri.

## REGLUGERÐ

**um eingreiðslur til elli- og örorkulífeyrisþega árið 2000.**

1. gr.

Á fjárhæð tekjutryggingar skv. 17. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar og fjárhæðir heimilisuppbótar og sérstakrar heimilisuppbótar skv. 9. gr. laga nr. 118/1993 um félagslega aðstoð skal greiða uppbót sem hér segir á árinu 2000:

a) Í júlí 2000 skal greiða 20% uppbót á þessar fjárhæðir vegna orlofsuppbótar.

b) Í desember 2000 skal greiða 30% uppbót á þessar fjárhæðir vegna desemberuppbótar.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 65. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar, sbr. 13. gr. laga nr. 118/1993 um félagslega aðstoð og öðlast þegar gildi.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 16. júní 2000.*

**Ingibjörg Pálmadóttir.**

*Jón Sæmundur Sigurjónsson.*

## REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 588/1993 um merkingu, auglýsingu og kynningu matvæla.**

1. gr.

Við 30. gr. bætist eftirfarandi málsgrein:

Á umbúðir alifugla og afurða þeirra skal skrá leiðbeiningar um meðhöndlun og matreiðslu. Skal það gert með merki því sem fram kemur í viðauka með reglugerð þessari merktum viðauki X, og skal merkið að lágmarki vera 3 x 5 cm að stærð. Yfirskrift á merki